

LÖG

um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Seðlabanki Íslands setur nánari reglur um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

2. gr.

Á eftir 23. gr. laganna kemur ný grein og breytist greinatala annarra greina samkvæmt því:

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um jöfnuð verðtryggðra eigna og skulda viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Fjármálaeftirlitið getur beitt viðskiptabanka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir viðurlögum á þann hátt sem fyrir er mælt í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi ef ekki er farið eftir reglum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2000.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Valgerður Sverrisdóttir.

Nr. 23

19. apríl 2000

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 19. apríl 2000.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.